

Prófessor Stefán vegur ómaklega að Hönnu Birnu

Eftir Björn Bjarnason

Stefán Ólafsson prófessor liggur ekki á liði sínu þegar að því kemur að ráðast á forystumenn Sjálfstæðisflokksins. Eftir að Hanna Birna Kristjánsdóttir sigraði glæsilega í prófkjöri sjálfstæðismanna vegur Stefán persónulega að henni og telur kjör hennar ekki til marks um neinar breytingar.

Þetta segir prófessorinn sem hallmælir aldrei Samfylkingunni og telur það líklega hina bestu ávísun á breytingu að Össur Skarphéðinsson fékk 38% atkvæða í forvali Samfylkingarinnar í Reykjavík og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir varð númer tvö á listanum. Hún er svo ábyrgur stjórnmalamaður að óvarlegt tal hennar um stöðu Íbúðarlánasjóðs við Bloomberg-fréttaveituna varð til þess að hætta varð viðskiptum með bréf sjóðsins í Kauphöllinni.

Sigríður Ingibjörg er talin koma til álita sem leiðtogi Samfylkingarinnar af stuðningsmönnum Jóhönnu Sigurðardóttur en Stefán Ólafsson hefur starfað sem ráðgjafi Jóhönnu og verið þar í hópi með Sigríði Ingibjörgu. Hann ætti að segja lesendum sínum álit á framgöngu þessa leiðtogaefnis Samfylkingarinnar? Stefán Ólafsson hefur einnig unnið fyrir velferðarráðherra Guðbjart Hannesson. Hann missti alla tiltrú þegar hann varð svo margsaga um einhliða launahækkun til forstjóra Landspítalans að hækkunin varð að engu.

Prófessor sem starfar náið með stjórnmalamönnum sem ganga fram á þann hátt sem væntanlegir arftakar Jóhönnu gera og hefur auk þess starfað náið með Jóhönnu ætti að sjá sóma sinn í að láta vera að hallmæla Hönnu Birnu Kristjánsdóttur fyrir stjórnmalastörf hennar. Þau eru af allt öðrum toga en axarsköft þeirra sem njóta ráða Stefáns.

Til marks um efni sem Stefán telur hæfa að birta á síðu sinni er þessi spurning í tilefni af því að Hanna Birna vill gera hlé á ESB-viðræðunum: „Það er afgerandi afstaða, en er það þó ekki fyrst og fremst heimskuleg afstaða, sem sæmir öfgamönnum eða blindum þjónum útgerðarmanna?“ spyr Stefán.

Tæplega 54% þjóðarinnar vilja að ESB-aðildarumsóknin sé dregin til baka. Það fólk fær kalda kveðju frá prófessornum: „heimskulegt“, „öfgamenn“ og „blindir þjónar útgerðarmanna“ – útgerðarmanna, hafa þeir ekki þagað þunnu hljóði um ESB? Hvar hafa þeir beitt sér?

Af óhróðri Stefáns um Hönnu Birnu verður ráðið að hann standi að baki þeirri stefnu Samfylkingarinnar að halda fast í gjaldeyrishöftin svo að unnt sé að reka þann falsáróður að ekki verði losnað við þau nema með aðild að ESB.

Stefán Ólafsson segir um Hönnu Birnu: „Hún gæti verið gagnlegt ímyndarskjól fyrir braskarana sem að baki búa – og öllu ráða.“

Fyrir hverja er þetta skrifað? Það er engin furða að mikinn fnyk leggi af mörgu sem frá Samfylkingunni kemur þegar ráðgjafarnir telja að flokknum sé helst til framdráttar að ræða á þennan hátt um þá sem eru

floknum hættulegastir.